

Vegagerðin,
Borgartúni 5-7,
105 Reykjavík.

Selfossi, 13. ágúst 2018

Efni: Staðfesting á heimild Golfklúbbs Selfoss til að semja um bætur vegna lagningu nýs Suðurlandsvegar yfir hluta Svarfhólsvallar.

Sveitarfélagið Árborg sem landeigandi staðfestir hér með að Golfklúbbur Selfoss, kt. 681174-0369, Svarfhólsvelli, 801 Selfossi, hefur heimild til þess að semja um bætur við Vegagerðina vegna lagningu nýs Suðurlandsvegar yfir hluta af Svarfhólsvelli á Selfossi og er samningurinn gerður með fullu samþykki sveitarfélagsins. Heimildin nær til þess að semja um bætur á framangreindu landsvæði, vegna réttinda og mannavirkja sem tilheyra Golfklúbbi Selfoss.

Um er að ræða bætur vegna íþróttamannvirkisins en allar bætur verða notaðar til uppbyggingar nýrra golfbrauta við Svarfhólsvöll í stað þeirra sem fara undir nýja Suðurlandsveginn. Þá mun Golfklúbbur Selfoss aðlaga starfsemi sína að nýju vegamannvirki og endurskipuleggja golfbrautir, æfingarsvæði, vegi, stíga, mannvirki, leikskipulag o.þ.h. þannig að starfsemin geti haldið áfram með sambærilegu sniði gegn greiðslu bóta samkvæmt samningi við Vegagerðina.

Umsamdar bætur verða lagðar inn á reikning Golfklúbbs Selfoss og afrit sent á Sveitarfélagið Árborg ásamt samningi Golfklúbbsins við Vegagerðina.

Framangreind heimild er bundin því skilyrði að Golfklúbbur Selfoss staðfesti að klúbburinn falli frá öllum hugsanlegum bótakröfum á hendur Sveitarfélaginu Árborg vegna lagningar nýs Suðurlandsvegar um Svarfhólsvöll og Laugardælaland.

Með bestu kveðju

Gísli Halldór Halldórsson
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar